



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um táknmálskennslu í grunnskólum

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Aldísar Lóu Benediktsdóttur frá ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að innleiða táknmálskennslu í alla grunnskóla borgarinnar eigi síðar en vorönn 2020.

Tillögunni fylgdi greinargerð. Málinu var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs. Tillagan var kynnt á fundi skóla- og frístundaráðs 13. ágúst 2019 og jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 3. júní 2019 um tillöguna. Þar var lagt til að leitað yrði til táknmálssviðs Hlíðaskóla um að það stæði fyrir valnámskeiðum fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík sem vildu læra táknmál í því skyni að rjúfa félagslega einangrun heyrnardaufra/heyrnarlausra félaga sinna. Leitað var til táknmálssviðs Hlíðaskóla til að kanna hvort það hefði möguleika á að koma til móts við þá tillögu en Hlíðaskóli vísaði á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.

Samskiptamiðstöð tók því vel að bjóða upp á valnámskeið í táknmáli fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík. Starfsmenn miðstöðvarinnar óskuðu eftir fundi með grunnskólaskrifstofu um málið þar sem farið var yfir möguleika til samstarfs.

Ekki var gert ráð fyrir táknmálsnámskeiðum fyrir grunnskólakennara og valnámskeiðum í táknmáli fyrir nemendur í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2020. Skóla- og frístundasvið ákvað því að sækja um í Sprotasjóð fyrir kostnaði vegna valnámskeiða í táknmáli fyrir nemendur í 8. – 10. bekk og í Endurmenntunarsjóð grunnskóla fyrir táknmálsnámskeiðum fyrir grunnskólakennara haustið 2020.

Styrkur fékkst úr Sprotasjóði samtals að upphæð kr. 1.350.000 til að halda fimm valnámskeið í íslensku táknmáli fyrir nemendur í 8. – 10. bekk, þ.e. eitt námskeið í hverjum borgarhluta. Skólar í þremur borgarhlutum hafa þegar lýst yfir áhuga á að bjóða upp á valnámskeið í íslensku

táknmáli fyrir nemendur í 8. – 10. bekk haustið 2020 en stefnt er að því að bjóða upp á tvö námskeið á vorönn 2021 í þeim borgarhlutum sem eftir eru. Samstarf hefur tekist við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra um að hafa umsjón með þessum námskeiðum sem yrðu sambærileg við námskeið sem miðstöðin hefur boðið upp á áður fyrir nemendur á grunnskólaaldri. Námskeiðslýsing liggur þegar fyrir og mun verða tekið mið af óskum hvers skóla og möguleika á að blanda saman stað- og fjarnámi. Námskeiðin verða á bilinu 15 – 18 vikur, 2 samliggjandi kennslustundir í senn, einu sinni í viku eða samtals 30 – 36 kennslustundir. Vegna styrksins úr Sprotasjóði er hægt að bjóða skólunum þessi námskeið þeim að kostnaðarlausu.

Styrkur fékkst úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda allt að 40 kennslustunda táknmálsnámskeið fyrir grunnskólakennara í borginni á skólaárinu 2020 – 2021. Samstarf hefur einnig tekist við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra um að hafa umsjón með þessum námskeiðum sem yrðu sambærileg við önnur táknmálsnámskeið sem miðstöðin hefur boðið upp á um árabíl. Stefnt er að því að þessi námskeið verði haldin á haustönn 2020 og hefjist um leið og skólaárið byrjar.